

**Lýsing hf.**  
**Ársreikningur**  
**2006**

Lýsing hf.  
Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík

Kt. 621101-2420

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3	Yfirlit um eigið fé .....	7
Áritun endurskoðenda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur Lýsingar hf. fyrir árið 2006 er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS). Félagið hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki sbr. lög nr. 161/2002 og hefur að markmiði að þjóna íslensku atvinnulífi á traustan og faglegan hátt með því að bjóða eignarleigusamninga um atvinnutæki og húsnæði, auk lána til tækjakaupa og verkábyrgða. Einnig býður félagið fjármögnun einkabíla fyrir einstaklinga með bílasamningum og bílalanum.

Í maí keypti Exista hf. allt hlutfé í VÍS eignarhaldsfélagi hf. Í kjölfar kaupanna voru félögin sameinuð undir nafni Exista hf. Lýsing var þar með orðið dótturfélag Exista hf.

Í júní lagði Exista hf. félaginu til nýtt hlutfé að fjárhæð 500 millj.kr.

Rekstur Lýsingar hf. gekk vel á árinu og var hagnaður eftir skatta 1.009 millj. kr. og eigið fé í árslok 4.955 millj. kr. Víkjandi skuldir námu 1.542 millj. kr. og eiginfjárlutfall, reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki, nam 10,97%.

Fjárhagsstaða Lýsingar hf. er traust og horfur í rekstri góðar fyrir nýbyrjað ár.

Heildarhlutfé félagsins í árslok nam 126 millj. kr. að nafnverði og skiptist það á tvo hluthafa og átti Exista 99,9% hluta.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður og að hagnaði verði ráðstafað eins og sýnt er í eiginfjárfirliti.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lýsingar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006

Reykjavík, 19. janúar 2006.

Í stjórn félagsins:

\_\_\_\_\_  
Sigurður Valtýsson  
formaður

\_\_\_\_\_  
Erlendur Hjaltason  
varaformaður

\_\_\_\_\_  
Sveinn Þór Stefánsson

\_\_\_\_\_  
Bjarni Brynjólfsson

\_\_\_\_\_  
Ásmundur Tryggvason

\_\_\_\_\_  
Ólafur Helgi Ólafsson  
framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Stjórn og hluthafar Lýsingar hf.

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lýsingar hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilareglur og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 19. janúar 2007.

---

Sigurður Jónsson

**KPMG hf.**

---

Auður Þórisdóttir

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2006

	Skýr.	2006	2005
Vaxtatekjur .....		4.320.431.697	2.592.672.173
Vaxtagjöld .....		( 2.296.631.125)	( 1.210.635.095)
Hreinar vaxtatekjur .....	15	2.023.800.572	1.382.037.078
Þjónustutekjur .....		124.671.334	69.136.266
Þjónustugjöld .....		( 40.240.870)	( 16.606.769)
Hreinar þjónustutekjur .....	16	84.430.464	52.529.497
Innleystur hagnaður af fjáreignum .....		0	19.786.004
Hreinn gjaldeyrismunur .....		48.640.848	38.055.338
Aðrar rekstrartekjur .....	17	102.060.605	88.730.815
Laun og launatengd gjöld .....	20	( 422.277.562)	( 363.592.948)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 254.307.908)	( 188.052.232)
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	31	( 54.763.281)	( 56.658.757)
Virðisrýrnun .....	18	( 310.981.241)	( 134.547.762)
Hagnaður vegna fullnustueigna .....		16.030.352	2.936.684
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>1.232.632.849</b>	<b>841.223.717</b>
Tekjuskattur .....	23	( 223.499.382)	( 152.019.596)
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<b>1.009.133.467</b>	<b>689.204.121</b>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Hagnaður á hlut .....	24	8,30	6,23
Þynntur hagnaður á hlut .....		8,30	6,23

Skýringar nr. 1 - 44 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Eignir:</b>			
Handbært fé .....	8	735.886.823	992.769.478
Útlán og kröfur .....	25-30	59.993.409.782	37.032.749.722
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna .....	41	151.102.109	0
Rekstrarfjármunir .....	31	311.236.803	334.955.694
Fullnustueignir .....	32	71.091.690	26.938.573
Aðrar eignir .....	33	58.736.212	11.293.404
		<b>61.321.463.419</b>	<b>38.398.706.871</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>61.321.463.419</b>	<b>38.398.706.871</b>
 <b>Skuldir:</b>			
Lántaka .....	35-36	53.640.094.271	33.136.368.976
Víkjandi lán .....	37	1.542.450.668	708.261.983
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna .....	42	131.360.100	2.696.736
Tekjuskattsskuldbinding .....	38	896.149.200	652.036.673
Aðrar skuldir .....		156.574.317	297.545.760
		<b>56.366.628.556</b>	<b>34.796.910.128</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>56.366.628.556</b>	<b>34.796.910.128</b>
 <b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....	39	125.751.650	117.501.650
Varasjóðir .....	39	2.767.707.724	2.182.053.071
Óráðstafað eigið fé .....		2.061.375.489	1.302.242.022
		<b>4.954.834.863</b>	<b>3.601.796.743</b>
Eigið fé samtals		<b>4.954.834.863</b>	<b>3.601.796.743</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>61.321.463.419</b>	<b>38.398.706.871</b>
 <b>Liðir utan efnahagsreiknings:</b>			
Veittar ábyrgðir .....	42	2.885.076.939	2.111.207.999

Skýringar nr. 1 - 44 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Yfirlit um eigið fé fyrir árið 2006

	Hlutfé	Varasjóðir			Óráðstafað eigið fé	Samtals
		Yfirverðs-reikningur	Lögbundinn varasjóður	Áhættuvarnar-reikningur		
<b>2005</b>						
Eigið fé 1.1. 2005.....	101.000.000	1.657.900.501	40.654.220	0	1.407.215.202	3.206.769.923
Hagnaður ársins skv. rekstrarreikningi.....					689.204.121	689.204.121
Heildarhagnaður ársins...					689.204.121	3.895.974.044
Innborgað hlutfé.....	16.501.650	483.498.350				500.000.000
Greiddur arður.....					( 794.177.301)	( 794.177.301)
Eigið fé 31.12.2005.....	117.501.650	2.141.398.851	40.654.220	0	1.302.242.022	3.601.796.743
<b>2006</b>						
Eigið fé 1.1. 2006.....	117.501.650	2.141.398.851	40.654.220	0	1.302.242.022	3.601.796.743
Sjóðstreymisvörn.....				93.904.328		93.904.328
Hagnaður ársins skv. rekstrarreikningi.....					1.009.133.467	1.009.133.467
Heildarhagnaður ársins...				93.904.328	1.009.133.467	1.103.037.795
Innborgað hlutfé.....	8.250.000	491.750.325				500.000.325
Greiddur arður.....					( 250.000.000)	( 250.000.000)
Eigið fé 31.12.2006.....	125.751.650	2.633.149.176	40.654.220	93.904.328	2.061.375.489	4.954.834.863

Skýringar nr. 1 - 44 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.232.632.849	841.223.717
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé .....		( 51.037.787)	( 40.099.249)
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....		( 17.158.939.451)	( 8.550.477.680)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....		14.777.867.536	5.311.953.861
Handbært fé til rekstrar		( 1.199.476.853)	( 2.437.399.351)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Seldar fjáreignir .....		0	870.559.315
Seldir rekstrarfjármunir .....		23.743.501	11.828.272
Keyptir rekstrarfjármunir .....	31	( 46.009.413)	( 85.752.317)
Aðrar eignir, breyting .....		( 38.674.568)	134.993.030
Fjárfestingarhreyfingar		( 60.940.480)	931.628.300
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Víkjandi lán, ný lán .....		753.534.353	520.981.931
Innborgað hlutafé .....		500.000.325	500.000.000
Greiddur arður .....	39	( 250.000.000)	( 794.177.302)
Fjármögnunarhreyfingar		1.003.534.678	226.804.629
<b>Lækkun á handbæru fé .....</b>		( 256.882.655)	( 1.278.966.422)
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		992.769.478	2.271.735.900
<b>Handbært fé í lok árslok .....</b>		735.886.823	992.769.478

Skýringar nr. 1 - 44 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.



# Skýringar

---

## Almennar upplýsingar

### 1. Upplýsingar um félagið

Lýsing hf. (félagið) er með lögheimili að Suðurlandsbraut 22 í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Exista hf. Ársreikningur félagsins vegna ársins sem lauk 31. desember 2006 er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu félagsins þar. Starfsemi félagsins felst í meginatriðum í að bjóða eignarleigusamninga um atvinnutæki og húsnæði, auk lána til tækjakaupa og verkábyrgða. Einnig býður félagið fjármögnun einkabíla fyrir einstaklinga með bílasamningum og bílalánun.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

#### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn félagsins hefur heimilað birtingu ársreikningsins þann 19. janúar 2007.

#### b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur félagsins er á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

#### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess.

#### d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar þeim er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ályktanir við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 45.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabilin sem koma fram í ársreikningi félagsins.

### 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning

### 4. Tekjur og gjöld

#### a) Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning þegar þau falla til, miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og annar mismunur á upphaflega bókfærðu verði vaxtaberandi gerninga og fjárhæða þeirra á gjalddaga, sem reiknuð eru miðað við virka vexti

4. Frh.:

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað félagið sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna milli samningsaðila sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

Ef fjáreign eða flokkur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýmun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýmunina. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýmunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýmunar.

b) *Hreinar þjónustutekjur*

Félagið veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem það fær greitt fyrir svo sem þjónustutekjur vegna eignaleigusamninga og tekjur vegna veittra ábyrgða. Þjónustutekjur og þóknanir eru færðar til tekna þegar þjónustan hefur verið veitt.

c) *Tekjuskattur*

Tekjuskattur félagsins er frestaður tekjuskattur. Félagið greiðir ekki tekjuskatt vegna skattalegs taps ársins og yfirfærnanlegra skattalegra tapa fyrri ára. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar líði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfærnanlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

5. **Virðisrýmun**

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýmun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð, sjá skýringu 5 c.

Virðisrýmun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýmun er færð í rekstrarreikning.

a) *Útlán og kröfur*

Félagið endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýmun þess á þriggja mánaða fresti. Félagið metur annars vegar einstök lán og hins vegar lánasafn og færir virðisrýmun ef áreiðanlegar vísbendingar eru um virðisrýmun á láni eða lánasafni.

Ef skoðun einstakra útlána bendir til rýmunar á væntanlegu sjóðstreymi þeirra, er lánið fært til samræmis við núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis. Vísbendingar um virðisrýmun geta verið umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakenda eða vanskil. Við ákvörðun virðisrýmunar er áhættan metin, upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna áætluð og söluverðmæti tryggingar metið.

Útlán og kröfur sem ekki eru færðar niður sérstaklega verða hluti af safni sem metið er með tilliti til mögulegrar virðisrýmunar. Mat á útlánasafni byggir á því að útláanin búi yfir svipuðum áhættueinkennum. Merki um virðisrýmun í safni útlána eru til staðar ef áreiðanleg gögn benda til lækkunar á væntu framtíðarsjóðstreymi útlánasafns og hægt er að mæla lækkunina með áreiðanlegum hætti.

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

## Skýringar, frh.:

---

### 5. Frh.:

#### b) Fullnustueignir

Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru færðir á gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði við sölu eða bókfærðu verði lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvort sem lægra reynist. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkanir á gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir áður færða virðisrýrnun, eru færðar í rekstrarreikning.

#### c) Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð fjáreigna sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárfleði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsþvæxti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

#### d) Bakfærsla virðisrýrnunar

Virðisrýrnun af fjáreignum sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Að því er varðar aðrar eignir er virðisrýrnun bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

### 6. Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á undirliggjandi þáttum (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum eða gjaldmiðlum eða vaxtastigi).

Félagið notar gjaldeyris- og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sem verður til vegna starfsemi félagsins. Félagið beitir áhættuvarnarreikningsskilum vegna vaxtaskiptasamninga en ekki vegna gjaldeyrissamninga.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði frá og með viðskiptadegi. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði gjaldeyrissamninga er fært í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap vegna vaxtaskiptasamninga er fært eins og fram kemur í skýringu 7. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal eigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal skulda.

### 7. Áhættuvarnarreikningsskil

Félagið skilgreinir tiltekna afleiður sem áhættuvörn vegna gangvirðis eigna eða skulda. Áhættuvarnarreikningsskil eru notuð fyrir afleiður sem skilgreindar eru með þessum hætti svo framarlega sem ákveðnum skilyrðum er fullnægt.

#### Gangvirðisvörn

Gangvirðisvörn er vörn gegn breytingum á gangvirði lántöku sem er á föstum vöxtum. Gangvirðisbreytingar vaxtaskiptasamninga eru færðar í rekstrarreikning ásamt gangvirðisbreytingum lántökunnar sem rekjanlegar eru til vaxtaáhættunnar.

Ef gangvirðisvörn er felld úr gildi, er seld, slitid eða nýtt og uppfyllir ekki lengur skilyrði reikningsskila gangvirðisvarna er áhættuvarnarreikningsskilum hætt. Breytingar á áhættuvörðum liðum sem færðir eru miðað við aðferðina um virka þvæxti eru færðar í rekstrarreikningi sem hluti af endurreikningi á virkum vöxtum áhættuvarnarinnar yfir líftíma hennar.

## Skýringar, frh.:

---

### 7. Frh.:

#### *Sjóðstreymisvörn*

Sjóðstreymisvörn er vörn gegn breytingum í sjóðstreymi lántöku sem er á breytilegum vöxtum. Breytingar á gangvirði áhættuvamar sem felur í sér skilvirka áhættuvörn eru færðar beint á eigið fé. Gangvirðisbreytingar sem hafa verið færðar á eigið fé eru bakfærðar á sama tímabili og sjóðstreymisvörnin hefur áhrif á rekstrarreikninginn og er færðar á sama lið í rekstrarreikningi. Óskilvirkur hluti gangvirðisbreytinga áhættuvamar er strax færður í rekstrarreikning.

Ef sjóðstreymisvörnin fellur úr gildi, er seld, slitið eða nýtt og uppfyllir ekki lengur skilyrði reikningsskila sjóðstreymisvarna er áhættuvarnarreikningsskilum hætt og áður færðar gangvirðisbreytingar látnar standa meðal eigin fjár þar til áhrif framtíðarviðskipta koma fram. Þegar áætluð framtíðarviðskipti eru ekki lengur talin líkleg er áhættuvarnarreikningsskilum hætt og uppsöfnuð áhrif færð af eigin fé yfir á rekstrarreikning.

### 8. **Handbært fé**

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

### 9. **Útlán og kröfur**

Útlán og kröfur eru fjáreignir, aðrar en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknaðar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði. Útlán og kröfur fela í sér eignaleigusamninga félagsins við viðskiptavini um fasteignir, vélar og tæki og útlán í formi skuldabréfa.

Útlán eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlánin er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Útlán félagsins eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggt útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2007 og gengistryggt lán eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok.

### 10. **Fullnustueignir**

Félagið hefur leyst til sín eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu gangverði eða kostnaðarverði, hvort sem lægra reynist.

### 11. **Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður sem rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	25 - 50 ár
Húsbúnaður, áhöld og bifreiðar .....	3 - 6 ár

### 12. **Lántaka og víkjandi lán**

Lántökur og víkjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti.

13. **Aðrar eignir og aðrar skuldir**

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

14. **Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim**

Eftirfarandi eru nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á gerð þessa ársreiknings.

*IFRS 7 Fjármálagæringar: Skýringar og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: Eiginfjár-skýringar:* krafist er ítarlegri upplýsinga um mikilvægi fjármálagæringa fyrir rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu félags og tölulegra skýringa á eðli og umfangi áhættu tengdri fjármálagæringum. IFRS 7 og breytingar á IAS 1 taka gildi frá og með 1. janúar 2007 og munu hafa þau áhrif að ítarlegri skýringa varðandi fjármálagæringa og eigið fé verða settar fram í reikningsskilum félagsins fyrir árið 2007.

*IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29 Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir* tekur til beitingar IAS 29 þegar óðaverðbólga ríkir í hagkerfi í fyrsta sinn, einkum hvað varðar færslu á frestuðum tekjuskatti. IFRIC 7 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

*IFRIC 8 Gildissvið IFRS Eignarhlutatengdar greiðslur* tekur til reikningsskilaaðferða eignarhlutatengdra greiðslna þegar ekki er unnt að sérgreina endurgjald fyrir sumar eða allar þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða. IFRIC 8 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

*IFRIC 9 Endurmat innbyggðra afleiða* krefst þess að endurmat á því hvort innbyggð afleiða skuli vera aðskilin frá undirliggjandi samningi skuli aðeins framkvæmt þegar breytingar eru gerðar á samningnum. IFRIC tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

*IFRIC 10 Árshlutareikningar og virðisrýrnun* bannar bakfærslu virðisrýrnunar sem var færð á fyrra tímabili hvað varðar viðskiptavild, fjárfestingu í eiginfjárgæringum eða fjáreign sem færð er við kostnaðarverði. IFRIC tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

**Hreinar vaxtatekjur**

15. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:	2006	2005
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....	54.584.292	27.724.748
Vaxtatekjur af útlánnum til viðskiptamanna .....	730.670.395	411.550.780
Vaxtatekjur af eignaleigusamningum .....	2.998.424.491	1.767.801.512
Aðrar vaxtatekjur af útlánnum .....	536.752.519	385.595.133
Vaxtatekjur samtals .....	<u>4.320.431.697</u>	<u>2.592.672.173</u>
Vaxtagjöld til lánastofnana .....	2.897.759	7.558.592
Vaxtagjöld af lántökum .....	2.135.775.567	1.160.823.808
Vaxtagjöld af víkjandi skuldum .....	156.891.089	41.332.487
Önnur vaxtagjöld .....	1.066.710	920.208
Vaxtagjöld samtals .....	<u>2.296.631.125</u>	<u>1.210.635.095</u>
Hreinar vaxtatekjur .....	<u>2.023.800.572</u>	<u>1.382.037.078</u>

**Skýringar, frh.:****Hreinar þjónustutekjur**

16. Þjónustutekjur og þjónustugjöld greinast þannig:	2006	2005
Ýmsar þjónustutekjur vegna útlána .....	79.721.199	51.074.804
Tekjur af veittum ábyrgðum .....	44.950.135	18.061.462
Þjónustutekjur samtals .....	<u>124.671.334</u>	<u>69.136.266</u>
Þóknunarkostnaður vegna innheimtu .....	24.310.897	5.426.725
Önnur þjónustugjöld .....	15.929.973	11.180.044
Þjónustugjöld samtals .....	<u>40.240.870</u>	<u>16.606.769</u>
Hreinar þjónustutekjur .....	<u>84.430.464</u>	<u>52.529.497</u>

**Aðrar rekstrartekjur**

17. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:		
Umboðslaun .....	71.333.709	68.197.216
Innheimtuþóknanir .....	24.381.546	12.826.736
Aðrar tekjur .....	6.345.350	7.706.863
Samtals .....	<u>102.060.605</u>	<u>88.730.815</u>

**Virðisrýrnun**

18. Virðisrýrnun greinist þannig:		
Virðisrýrnun útlána til viðskiptamanna .....	316.051.224	70.399.897
Virðisrýrnun fjáreigna til sölu .....	0	64.054.000
Virðisrýrnun fullnustueigna .....	( 5.069.983)	93.865
Samtals .....	<u>310.981.241</u>	<u>134.547.762</u>

**Starfsmenn**

19. Starfsmannafjöldi er sem hér segir:		
Meðalfjöldi starfsmanna .....	61,0	52,0
Stöðugildi í árslok .....	61,2	53,4

**Skýringar, frh.:**

20.	Laun og tengd gjöld greinast þannig:	2006	2005
	Laun .....	350.849.069	292.939.101
	Aðkeypt vinna .....	0	353.000
	Lífeyrissjóðsiðgjöld .....	49.423.378	49.489.167
	Önnur launatengd gjöld .....	23.677.064	20.811.680
	Endurgreiddur launakostnaður .....	( 1.671.949)	0
	Samtals .....	<u>422.277.562</u>	<u>363.592.948</u>

21. Framkvæmdastjóri félagsins hafði laun að fjárhæð 23,2 millj. kr. á árinu, stjórnarformaður 1,1 millj. kr. og aðrir stjórnarmenn samtals 2,1 millj. kr. Ný stjórn félagsins frá seinni hluta árs þáði ekki laun á árinu. Á árinu 2005 hafði framkvæmdastjóri félagsins 17,7 millj. kr. í laun, stjórnarformaður 1,4 millj. kr. og aðrir stjórnarmenn samtals 6,4 millj. kr.

**Bóknun til endurskoðenda**

22.	Bóknun til endurskoðenda, greinist þannig:		
	Endurskoðun á ársreikningi .....	4.030.089	2.145.862
	Önnur þjónusta .....	1.147.065	1.634.355
	Samtals .....	<u>5.177.154</u>	<u>3.780.217</u>

**Tekjuskattur**

23.	Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
	Frestaðir skattar:		
	Uppruni og bakfærsla tímabundinna mismuna .....	223.499.382	152.019.596
	Tekjuskattur færður í rekstur .....	223.499.382	152.019.596
	Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
	Hagnaður fyrir skatta .....	1.232.632.849	841.223.717
	Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall..... 18,00%	221.873.913	151.420.269
	Aðrir liðir, ófrádráttarþærir .....	1.625.469	599.327
	Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	<u>223.499.382</u>	<u>152.019.596</u>

**Hagnaður á hlut**

24.	Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals fjölda útistandandi hlutabréfa á árinu:		
	Hreinn hagnaður .....	1.009.133.467	689.204.121
	Vegið meðaltal fjölda hlutabréfa á árinu .....	121.626.650	110.625.963
	Hagnaður á hlut .....	8,30	6,23

**Skýringar, frh.:**

**Útlán**

25.	Útlán og kröfur, greinast þannig:	31.12.2006	31.12.2005
	Útlán til lánastofnana.....	42.680.806	22.861.574
	Útlán til viðskiptavina.....	59.950.728.976	37.009.888.148
	Samtals.....	59.993.409.782	37.032.749.722
26.	Útlán og kröfur á lánastofnanir, greinast þannig:		
	Eignaleigusamningar.....	42.680.806	22.861.574
	Samtals.....	42.680.806	22.861.574
27.	Útlán til viðskiptavina, greinast þannig:		
	Eignaleigusamningar, fasteignir.....	6.424.854.271	3.271.491.969
	Eignaleigusamningar, vélar, tæki o.fl. ....	46.732.466.253	29.751.445.765
	Skuldabréf með veði í fasteignum.....	14.341.112	42.897.106
	Önnur skuldabréf.....	6.252.521.348	2.891.147.046
	Víxlar.....	95.375.862	162.781.025
	Annað.....	431.170.130	890.125.238
	Samtals.....	59.950.728.976	37.009.888.148
28.	Útlán til viðskiptavina, sundurliðun eftir lántakendum:		
	Ríki og sveitarfélög.....	0,5%	1%
	Fyrirtæki:		
	Heilbrigðisþjónusta.....	2%	2%
	Landbúnaður.....	2%	2%
	Sjávarútvegur.....	1%	2%
	Verslun.....	11%	8%
	Iðnaður.....	8,5%	9%
	Verktakar.....	22%	23%
	Samgöngur.....	5%	5%
	Þjónusta.....	16%	14%
	Umhverfisþjónusta.....	2%	2%
	Einstaklingar.....	30%	32%
	Samtals.....	100%	100%
29.	Útlán til viðskiptavina, sundurliðun samkvæmt eftirstöðvatíma:		
	Gjaldkræft.....	3.056.227.339	1.334.872.224
	Allt að 3 mán.....	2.597.557.338	1.931.842.648
	Yfir 3 mán. og allt að 1 ári.....	11.394.807.756	8.182.001.105
	Yfir 1 ár og allt að 5 árum.....	34.397.767.225	22.561.768.642
	Yfir 5 ár.....	8.504.369.318	2.999.403.529
	Samtals.....	59.950.728.976	37.009.888.148



**Skýringar, frh.:**

30.	Breyting á afskriftareikningi útlána greinist þannig:	31.12.2006	31.12.2005
	Yfirfært frá fyrra ári .....	332.598.342	409.750.812
	Virðisrýrnun á árinu.....	316.051.224	70.399.897
	Endanlega töpuð útlán.....	( 130.327.409)	( 151.976.112)
	Innkomið, áður afskrifað.....	3.069.547	4.423.744
	Samtals .....	<u>521.391.704</u>	<u>332.598.341</u>
	Afskriftareikningur útlána sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina og veittum ábyrgðum .....	0,82%	0,84%

**Rekstrarfjármunir**

31.	Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld, tæki og bifreiðar	Fasteignir	Samtals 2006	Samtals 2005
	Heildarverð í ársbyrjun .....	124.445.381	294.993.105	419.438.486	406.910.870
	Viðbót á árinu.....	38.729.923	7.279.489	46.009.412	85.752.317
	Selt, fært út á árinu.....	( 7.880.141)	( 15.600.825)	( 23.480.966)	( 73.224.700)
	Heildarverð .....	<u>155.295.163</u>	<u>286.671.769</u>	<u>441.966.932</u>	<u>419.438.487</u>
	Afskrifað áður .....	45.428.348	39.054.443	84.482.791	89.979.512
	Afskrifað á árinu.....	33.358.232	21.405.049	54.763.281	56.658.757
	Selt, fært út á árinu.....	( 1.775.201)	( 6.740.742)	( 8.515.943)	( 62.155.476)
	Afskrifað samtals .....	<u>77.011.379</u>	<u>53.718.750</u>	<u>130.730.129</u>	<u>84.482.793</u>
	Bókfært verð .....	<u>78.283.784</u>	<u>232.953.019</u>	<u>311.236.803</u>	<u>334.955.694</u>
	Afskriftahlutföll .....	15-33%	2-4%		

**Fullnustueignir**

32.	Fullnustueignir greinast þannig:	31.12.2006	31.12.2005
	Lausafjármunir.....	72.793.339	20.271.343
	Fasteignir.....	0	13.438.862
	Virðisrýrnun.....	( 1.701.649)	( 6.771.632)
	Samtals.....	<u>71.091.690</u>	<u>26.938.573</u>

**Skýringar, frh.:****Aðrar eignir**

33.	Aðrar eignir greinast þannig:	31.12.2006	31.12.2005
	Fyrirframgreidd gjöld.....	14.384.945	4.184.867
	Áfallnar tekjur.....	5.676.699	7.108.537
	Ýmsar eignir.....	38.674.568	0
	Samtals .....	<u>58.736.212</u>	<u>11.293.404</u>

**Viðskipti við tengda aðila**

34.	Viðskipti við móðurfélag greinast þannig:		
	Eignaliðir:		
	Áfallnar tekjur - móðurfélag .....	0	3.031.988
	Afleiðusamningur .....	114.517.473	0
	Skuldaliðir:		
	Aðrar skuldir .....	0	131.961
	Tekjur:		
	Aðrar þjónustutekjur .....	567.950	623.569
	Aðrar rekstrartekjur .....	20.918.605	36.552.853

## Viðskipti við önnur félög í eigu móðurfélags greinast þannig

	Tekjur:		
	Aðrar þjónustutekjur .....	115.700	623.569
	Aðrar rekstrartekjur .....	30.134.810	36.552.853

**Lántaka**

35.	Lántaka greinist þannig:		
	Verðbréfaútgáfa.....	2.090.543.251	2.575.468.081
	Lán frá lánastofnunum.....	<u>51.549.551.020</u>	<u>30.560.900.895</u>
	Samtals .....	<u>53.640.094.271</u>	<u>33.136.368.976</u>
36.	Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		
	Allt að 3 mán.....	487.595.300	1.984.057.607
	Yfir 3 mán, og allt að 1 ári.....	13.764.898.809	7.344.637.760
	Yfir 1 ár og allt að 5 árum.....	<u>39.387.600.162</u>	<u>23.807.673.609</u>
	Samtals.....	<u>53.640.094.271</u>	<u>33.136.368.976</u>

## Skýringar, frh.:

### Víkjandi lán

		31.12.2006	31.12.2005
37. Víkjandi lán, verðtr., uppsegjanlegt með 5 ára fyrirvara.....	7,5%	208.593.931	195.037.675
Víkjandi lán, verðtr., með gjalddaga eftir 9 ár.....	5,2%	550.060.712	513.224.308
Víkjandi lán, verðtr., með gjalddaga eftir 5 ár.....	5,95%	783.796.025	0
Samtals.....		<u>1.542.450.668</u>	<u>708.261.983</u>

Samkvæmt reglum um eiginfjárlutfall lánastofnana teljast lánin að fullu til eiginfjár.

### Skattskuldbinding

38. Opinber gjöld vegna rekstrarársins hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn.

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2007 (2006) vegna skattalegs taps á árinu 2006 (2005). Félagið greiddi ekki tekjuskatt á árinu 2006 vegna ársins 2005. Yfirfæranlegt tap sem heimilt er að flytja til næstu 10 ára nemur 2.006.604.239 kr. í árslok 2006. Í árslok 2005 nam skattalegt yfirfæranlegt tap 35.282.192 kr.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	2006	2005
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	652.036.673	500.017.077
Flutt til móðurfélags vegna samsköttunar.....	0	0
Hækkun vegna áhrifa sjóðsstreymisvarna sem færð er á eigið fé .....	20.613.145	0
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	<u>223.499.382</u>	<u>152.019.596</u>
Tekjuskattsskuldbinding árslok.....	<u>896.149.200</u>	<u>652.036.673</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Útlán til viðskiptavina.....	1.075.914.212	614.995.858
Rekstrarfjármunir.....	8.232.250	7.998.008
Yfirfæranlegt tap.....	(361.188.763)	(6.457.253)
Áhættuvarnarreikningur .....	20.613.145	0
Aðrir liðir.....	<u>152.578.356</u>	<u>35.500.060</u>
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	<u>896.149.200</u>	<u>652.036.673</u>

### Eigið fé

39. *Hlutfé*

Hlutfé félagsins var í árslok 125.751.650 kr. og er nafnverð hvers hlutar 1 kr. Hlutfé á árinu var aukið um 8.250.000 kr. að nafnvirði. Hlutfé í árslok 2005 nam 117.501.650 kr. og var aukið á árinu 2005 um 16.501.650 kr. að nafnvirði.

Félagið greiddi á árinu 250.000.000 kr. í arð sem eru 2,13 kr. á hvern hlut ef miðað er við hlutfé í upphafi árs. Á árinu 2005 greiddi félagið í arð 794.177.301 kr. sem var 7,86 kr. á hlut ef miðað er við hlutfé í upphafi ársins 2005.

**Skýringar, frh.:**

39. Frh.

*Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur*

Félaginu er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósentum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Félaginu hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar hlutafé þess hefur verið hækkað og er fjárhæðin sem greidd hefur verið umfram nafnverð færð á yfirverðsreikning. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota upphæð þá, sem umfram er, til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrir mæla 53. gr. laga nr. 2 / 1995 um hlutafélög gætt, til annarra þarfa.

*Áhættuvarnarreikningur*

Áhættuvarnarreikningur er tilkominn vegna þess að félagið beitir sjóðsstreymisvörn við færslu vaxtaskiptasamnings

40. Eigið fé í árslok nemur 4.954.835. þús. kr. eða 8,1 % af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Í árslok 2005 nam eigið fé 3.601.797 þús. kr. eða 9,4% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 10,97%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

Eigið fé skv. eiginfjárvæðum laga greinist þannig:	Bókfært virði	Vegin staða
<b>2006</b>		
Áhættugrunnur:		
Eignaliðir og áhættugrunnur eignaliða .....	61.321.463	57.797.817
Áhættugrunnur vegna ábyrgða .....		1.442.538
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu .....		0
Eigið fé samtals .....		<u>59.240.355</u>
Eigið fé:		
Eiginfjárbáttur A .....		4.954.835
Eiginfjárbáttur B .....		1.542.451
		<u>6.497.286</u>
Eiginfjárhlutfall .....		10,97%
<b>2005</b>		
Áhættugrunnur:		
Eignaliðir og áhættugrunnur eignaliða .....	38.398.707	36.357.460
Áhættugrunnur vegna ábyrgða .....		1.055.604
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu .....		321.238
Eigið fé samtals .....		<u>37.734.302</u>
Eigið fé:		
Eiginfjárbáttur A .....		3.601.797
Eiginfjárbáttur B .....		708.262
		<u>4.310.059</u>
Eiginfjárhlutfall .....		11,4%

## Áhættustýring

41. Áhætta vegna útlána, vaxta, gjaldmiðla og lausafjárstöðu tengist reglubundinni starfsemi félagsins. Afleiðusamningar eru notaðir til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu.

## Útlánaáhætta

Stjórnendur hafa markað útlánastefnu og fylgjast reglulega með útlánaáhættu. Áhættumat er unnið reglulega og tryggingar metnar. Heildarútlánaáhætta jafngildir bókfærðu verði sérhvefrrar fjáreignar í efnahagsreikningi, ásamt veittum ábyrgðum. Afleiðusamningar eru þar meðtaldir.

## Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna útlána og gjaldtöku í gjaldmiðlum öðrum en krónum. Eignir og skuldir háðar gengisáhættu greinast þannig:

2006	EUR	USD	JPY	Annað	Samtals
Útlán og kröfur .....	16.324.701.739	7.925.124.734	11.340.262.766	11.921.476.829	47.511.566.068
Afleiðusamningar .....	23.008.038	13.576.597	0	0	36.584.635
Útlán og kröfur .....	16.347.709.777	7.938.701.331	11.340.262.766	11.921.476.829	47.548.150.703
Lántaka .....	16.353.050.161	7.949.146.269	11.323.913.562	11.925.654.582	47.551.764.574
Afleiðusamningar .....	0	276.535	7.662.143	12.509.417	20.448.095
	16.353.050.161	7.949.422.804	11.331.575.705	11.938.163.999	47.572.212.669
Staða .....	( 5.340.384)	( 10.721.473)	8.687.061	( 16.687.170)	( 24.061.966)
2005	EUR	USD	JPY	Annað	Samtals
Útlán og kröfur .....	11.516.820.003	6.015.145.210	4.679.661.129	3.827.208.719	26.038.835.061
Lántaka .....	11.477.715.190	6.043.975.761	4.628.851.149	3.752.924.043	25.903.466.143
Áhættuvarnarsamn. ....	58.623.999	0	50.711.600	84.018.790	193.354.389
	11.536.339.189	6.043.975.761	4.679.562.749	3.836.942.833	26.096.820.532
Staða .....	( 19.519.186)	( 28.830.551)	98.380	( 9.734.114)	( 57.985.471)

## Afleiðusamningar

Félagið hefur í árslok gert áhættuvarnasamninga um gjalddeyrisviðskipti til að viðhalda gjalddeyrisjafnvægi. Félagið hefur jafnframt gert vaxtaskiptasamninga til stýra vaxtaáhættu. Samningarnir greinast sem hér segir:

	Nafnverð samnings	Eignir	Gangvirði Skuldir
2006			
Framvirkir gjalddeyrisamningar .....	2.109.444.395	36.584.636	20.448.095
Vaxtaskiptasamningar, sjóðstreymisvörn .....	1.500.000.000	114.517.473	0
Vaxtaskiptasamningar, gangvirðisvörn .....	1.700.000.000	0	110.912.005
Samtals .....		151.102.109	131.360.100
2005			
Framvirkir gjalddeyrisamningar .....	193.354.389	0	2.696.736

Félagið beitir áhættuvarnarreikningsskilum við færslu vaxtaskiptasamninganna

## Skýringar, frh.:

41. Frh.

### Vaxtaáhætta

Fylgst er reglulega með vaxtaáhættu félagsins og er við útlán er tekið mið af kjörum lántöku til að að takmarka vaxtaáhættu. Félagið ver hluta af vaxtaáhættu sinni með vaxtaskiptasamningum.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 10.024.967.926 kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 7.770.031.767 kr. Í árslok 2005 nam heildarfjárhæð verðtryggra eigna 8.132.674.403 kr. og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 6.405.836.414 kr.

### Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Félagið viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Félagið hefur í því skyni meðal annars tryggt sé aðgang að lánalínum. Samkvæmt reglum Seðlabankans um lausafjárhlutfall nr. 317 frá 25. apríl 2006 ber félaginu að skila skýrslum um laust fé í hverjum mánuði. Með þessum skýrslugerðum er mjög virkt eftirlit með lausafjárhlutfalli

Eftirfarandi er sundurliðun á fjáreignum og fjárskuldum félagsins með tilliti til gjalddaga:

Eignir	Allt að 3 mánuðir	3 - 12 mánuðir	1 - 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Útlán og kröfur .....	6.395.197.071	11.407.337.381	34.419.700.629	8.507.061.524	60.729.296.605
Afleiðusamningar .....	36.584.635	97.912.948	16.604.526	0	151.102.109
Aðrar skammtímakröfur ...	58.736.212	0	0	0	58.736.212
Samtals 31.12.2006 .....	6.490.517.918	11.505.250.329	34.436.305.155	8.507.061.524	60.939.134.926
Samtals 31.12.2005 .....	4.259.484.350	8.182.001.105	22.561.768.642	2.999.403.529	38.002.657.626
<b>Skuldir</b>					
Lántaka .....	487.595.300	13.764.898.809	39.387.600.162	0	53.640.094.271
Vikjandi lán .....	0	0	783.796.025	758.654.643	1.542.450.668
Afleiðusamningar .....	20.448.095	31.859.801	79.052.204	0	131.360.100
Aðrar skammtímaskuldir ..	108.286.052	32.063.088	16.225.177	0	156.574.317
Samtals 31.12.2006 .....	616.329.447	13.828.821.698	40.266.673.568	758.654.643	55.470.479.356
Samtals 31.12.2005 .....	2.177.411.996	7.344.637.760	23.108.001.711	699.671.898	33.329.723.365
<b>Eignir - skuldir</b>					
31.12.2006 .....	5.874.188.471	( 2.323.571.369)	( 5.830.368.413)	7.748.406.881	5.468.655.570
<b>Eignir - skuldir</b>					
31.12.2005 .....	2.082.072.354	837.363.345	( 546.233.069)	2.299.731.631	4.672.934.261

### Liðir utan efnahagsreiknings

42. Utan efnahagsreiknings eru ábyrgðaryfirlýsingar og verkábyrgðir að fjárhæð 2.885.076.939. Ábyrgðaryfirlýsingar og verkábyrgðir utan efnahags námu 2.111.207.999 kr. í árslok 2005.

#### Atburðir eftir lok reikningsárs

43. Ekkert hefur komið fram eftir dagsetningu ársreiknings, sem myndi krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningi 31. desember 2006. Þann 19. janúar 2007 yfirfór og samþykkti stjórn félagsins ársreikninginn. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi félagsins til samþykktar hluthafa.

#### Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

44. Félagið framkvæmir mat og beitir ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggja á reynslu og öðrum staðreyndum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður.

##### *Virðisrýrnun útlána og krafna*

Félagið endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf félagið að meta hvort gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntanlegu framtíðar sjóðstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði upphæðir og tímasetningar á framtíðar sjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

##### *Gangvirði afleiðusamninga*

Gangvirði fjármálageminga er ákvarðað með notkun matsaðferða. Útreikningar samkvæmt reiknilíkönnum hafa verið yfirfarnir af óháðum aðila.